

**Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til aukafundar ~~um miðdagina~~ 3.
apríl 2009 kl. 14:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Hulda Sigurðardóttir, Nanna Steina Höskuldardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Björn Guðmundur Björnsson, starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Aðalbjörn Arnarsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna

DAGSKRÁ:

1. Staða heilbrigðismála í Langanesbyggð.

Eftirfarandi bókun gerð

„Sveitastjórn Langanesbyggðar hefur margítrekað óánægju sína með niðurskurð þjónustu heilbrigðisstofnana í sveitarfélaginu og sent þar að lútandi bréf og ályktanir til þingmanna kjördæmisins og ráðherra heilbrigðismála en ekkert hefur gerst í þeim málum. Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur þegar lagt niður alla starfsemi á Bakkafirði og er það algjörlega óviðunandi ástand.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur ákveðið að fara þá leið að skerða grunnþjónustu og öryggi íbúa Langanesbyggðar með því að hafa einungis einn sjúkraflutningamann á vakt. Sjúkraflutningamenn telja þennan niðurskurð með öllu ófærnan og því hafa þeir látið af störfum. Í Langanesbyggð er því enginn starfandi sjúkraflutningamaður.

Með vísan í áðursendar ályktanir og bókanir sveitastjórnar síðustu mánuði vill sveitastjórn hvetja þá sem þetta bréf fá að beita sér fyrir því í eitt skipti fyrir öll að í Langanesbyggð verði alltaf tveir sjúkraflutningamenn á vakt þar sem annað er óviðunandi sökum dreifðar byggðar og erfiðra samgangna.

Niðurskurður heilbrigðisstofnana í Langanesbyggð hefur mjög neikvæð áhrif á búsetuskilyrði svæðisins.“

Starfandi sveitastjóra falið að koma bókuninni á framfæri

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhlóða

Fundi slitið kl:15:00

Aðalbjörn Arnarsson
Hilma Steinarsdóttir
Sigurður Jóh. Jónsson
Hulda Sigurðardóttir

Jóhanna Helgadóttir
Nanna Steina Höskuldardóttir